

# Eineltisáætlun Tjarnarinnar



## Almennt um eineltisáætlunina

Allir starfsstaðir frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar starfa samkvæmt verklagi í eineltismálum sem varð til í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs sem gengur undir nafninu *Vinsamlegt samfélag*. Þar er stefnt að því að framkoma allra einkennist af virðingu, samkennd og ábyrgð og er einelti ekki liðið í vinsamlegu samfélagi. Ef þörf krefur er tekið skipulega á því í samræmi við eineltisáætlun frístundamiðstöðvarinnar og stefnu borgarinnar.

Mikilvægt er að samræma eins og kostur er viðhorf og skilaboð allra starfsmanna um framkomu og samskipti til barnanna í borginni og efla það starf leik- og grunnskóla og frístundamiðstöðva sem stuðlar að vinsamlegu samfélagi meðal barna og starfsmanna. Frístundamiðstöðin Tjörninn vinnur samkvæmt verklagi Vöndu Sigurgeirsdóttur um vináttuþjálfun, sem miðar að því að efla félagsfærni og vináttufærni barna, finna sérstaklega þau börn sem þurfa stuðning og aðstoð og þjálfa upp hjá þeim jákvæð hegðunarmynstur. Öflugasta forvörnin gegn einelti felst í því að börn læri með skipulögðum hætti að vera saman í leik og starfi þar sem lýðræði, mannréttindi og jafnrétti eru höfð að leiðarljósi.

## Hvað er einelti?

Einelti felur í sér að einstaklingur er tekinn fyrir af öðrum einstakling eða hópi. Einelti er ofbeldi sem getur haft varanleg áhrif á sálarlíf fórnarlambins. Einelti felur í sér að einstaklingur er tekinn fyrir af einum eða hópi með síendurtekinni stríðni, látbragði, niðrandi ummælum, sögusögnum, andlegri kúgun, hótunum af ýmsu tagi, félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun.

Einelti getur einnig birst í samskipum í vefmiðlum. Það er hlutverk fullorðna fólksins að sjá til þess að börn umgangist vefinn af ábyrgð.

Frístundamiðstöðin er með eineltisáætlun sem allar starfstöðvar starfa eftir til að fyrirbyggja einelti og uppræta það þegar grunur er um slíkt. Foreldrar skulu alltaf taka vísbendingar eða upplýsingar um einelti alvarlega og setja sig í samband við forstöðumann á viðkomandi starfsstöð til að hefja samstarf um að uppræta það.

Í stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs segir að leita skuli allra leiða til að börnum í þjónustu þess líði vel og að unnið sé markvisst að því í samræmi við forvarnarstefnu

borgarinnar að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og þjálfa félagsfærni og samskipti barnanna. Tekið er fram að einelti og ofbeldi sé ekki liðið.

## Áhrif eineltis á börn

Einelti er ofbeldi sem getur haft varanleg áhrif á sálarlíf þolandans. Ef barn er lagt í einelti líður ekki langur tími áður en því fer að líða illa, verður óttaslegið, öryggislaust, einmana og á varðbergi gagnvart félögum. Sjálfstraustið hverfur, barnið dregur sig í hlé og verður jafnvel veikt án sýnilegra sjúkdóma.

Langvarandi einelti veldur streitu sem leitt getur til alvarlegra vandamála eins og óæskilegrar hegðunar, lystarleysis og þunglyndis.

## Hvað geta foreldrar gert ef barn þeirra verður fyrir einelti?

Foreldrar skulu alltaf taka vísbendingar eða upplýsingar um einelti alvarlega. Nauðsynlegt er að ræða við barnið, hlusta vel á það og sýna því umhyggju og skilning.

Foreldrar þurfa því næst að ræða við forstöðumann viðkomandi starfseiningar, sem aflar nauðsynlegra gagna til að varpa ljósi á staðreyndir. Sé eineltið staðfest gerir starfseiningin viðbragðsáætlun til að takast á við eineltið samkvæmt verkferli Tjarnarinnar í eineltismálum sem finna má aftast í þessu skjali, en hann er byggður á [gátlista eineltisáætlana](#). Komi upp eineltismál á skólaárinu er málið unnið í þverfaglegu eineltisteymi sem starfar innan hvers skóla. Komi upp eineltismál í sumarstarfinu er málið alfarið unnið af starfmönnum Tjarnarinnar með hlutaðeigandi aðilum með möguleikann á stuðningi frá þjónustumiðstöð. Samkvæmt nýjum [lögum um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021](#) og [aðgerðaráætlun um forvarnir meðal barna og ungmenna](#) skal skv. aðgerð C.1. vera starfandi forvarnarteymi í hverjum grunnskóla sem tengiliðir frístundaheimila og félagsmiðstöðva sitja ásamt fleiri sem koma að málefnum barnsins innan og utan skóla.

## Fyrirspurnir og/eða ábendingar

Hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar starfar ráðgjafi foreldra og skóla. Hann vinnur að úrlausn eineltismála í samstarfi við foreldra og stofnanir Reykjavíkurborgar. Hægt er að hafa samband í síma 4 11 11 11.

Foreldrar eða skólar geta óskað eftir aðstoð sérstaks fagráðs sem starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að aðkomu sérfræðiþjónustu.

## Tenglar

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar má finna upplýsingar um verkefnið Vinsamlegt samfélag og gátlista sem starfshópur um verkefnið setti fram en gátlistinn er leiðbeinandi fyrir þá sem vinna að gerð eineltisáætlana á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Hann samræmir áætlun um forvarnir, inngrip og eftirfylgd í eineltismálum í öllum hverfum borgarinnar. Gátlistinn var unninn í víðtæku samráði starfsfólks skóla- og frístundasviðs, fulltrúa foreldra og þjónustumiðstöðva.

Upplýsingar um Vinsamlegt samfélag: <http://reykjavik.is/vinsamlegt-samfelag>

Gátlisti vinsamlegs samfélags vegna eineltis: <http://reykjavik.is/gatlisti-vegna-eineltis>

Einelti í skóla- og frístundastarfi: <http://reykjavik.is/thjonusta/einelti-i-skola-og-fristundastarfi>

Einnig má finna þar upplýsingar um opinskátt um ofbeldi: <https://reykjavik.is/opinskatt-um-ofbeldi> og leiðbeiningar til starfsfólks opni barn sig um mögulega kynferðisleg áreitni eða ofbeldi: <https://menntastefna.is/tool/leidbeiningar-til-starfsfólks-kynferdisleg-areitni-eda-ofbeldi/>

## Verkferill Tjarnarinnar í eineltismálum.

Verklag starfsstaða frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar í eineltismálum byggir á þrjúþættri nálgun; forvörnum, inngripi og eftirfylgd. Með forvörnum er lögð áhersla á að börn og ungmenni þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og samskiptum sem einkennast af virðingu, samkennd og ábyrgð. Allir starfsstaðir starfa eftir leiðarljósum í samskiptum sem endurspegla þessi gildi. Allt starfsfólk þekkir eineltisáætlun Tjarnarinnar og er leitað til þeirra við árlega endurskoðun hennar. Með því að samræma viðhorf og viðmið í samskiptum erum við að fyrirbyggja að einelti og annað ofbeldi fái þrífist í umhverfi okkar. Meginmarkmiðið með því að vera með sérstaka eineltisáætlun er að starfsfólk, börn, unglingar og foreldrar þeirra séu meðvitaðir um einelti, þekki birtingarmyndir þess og viti hvernig bregðast skuli við komi upp grunur um einelti. Mikið er lagt upp úr því að fræða starfsfólk um áhrif eineltis og er það bæði gert með reglulegri umræðu á starfsmannafundum sem og formlegri fræðslu og nýtum verkfæri vináttuþjálfunar sem fyrirbyggjandi aðgerð. Eineltisáætlunin er kynnt öllum hlutaðaeigandi, enda er það ábyrgð allra sem koma á einn eða annan hátt að starfinu okkar að koma í veg fyrir einelti. Einn mikilvægasti liðurinn í þessu er að rýna vel í niðurstöður úr könnunum um líðan starfsfólks og barna og unglunga og nýta þær í vinnu gegn einelti á starfsstöðunum okkar, að kynna samskiptareglur vel. Tjörninn leggur á það ríka áherslu að forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva sitji sem fulltrúar í eineltisteymum skólanna ásamt öðrum hlutaðaeigandi.

Þegar foreldrar tilkynna um einelti gegn barni sínu fylla þeir út þetta [eyðublað](#) sem þeir senda á forstöðumann viðkomandi starfseiningar. Berist okkur ábending um einelti er hún

undantekningarlaust tekin alvarlega. Enda þótt í ljós komi að ekki sé um einelti að ræða þarf samt að taka allar vísbendingar um óæskileg samskipti eða vanlíðan barna alvarlega og takast á við vandann í samræmi við eðli hans.

Ef forstöðumaður óskar eftir að foreldrar komi á fund í skóla- eða frístundastarfi til að ræða hugsanlegt einelti ætti alltaf að upplýsa þá um hverjir verði á fundinum. Einnig ætti að hvetja foreldra til að koma ekki einir á fundi heldur hafa einhvern með sér sem þeir treysta. Þannig er þess gætt að jafnvægi ríki á fundum.

Skóla- og frístundasvið hefur útbúið gátlista sem er leiðbeinandi fyrir þá sem vinna að gerð eineltisáætlana á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Hann samræmir áætlun um forvarnir, inngrip og eftirfylgd í eineltismálum í öllum hverfum borgarinnar, en gátlistann má sjá [hér](#).